

Valgerður Andrésdóttir stundaði píanónám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan einleikaprófi árið 1985. Eftir það hélt hún til Þýskalands til framhaldsnáms og lauk burtfararprófi frá Listaháskólanum í Berlín 1992. Hún var búsett í Kaupmannahöfn í nokkur ár, þar sem hún starfaði sem píanóleikari og kennari.

Valgerður hélt sína fyrstu opinberu tónleika árið 1990 og hefur síðan komið margoft fram, bæði sem einleikari og í kammermúsík. Hún hefur haldið einleikstónleika á flestöllum Norðurlöndunum, Þýskalandi og nú síðast í Lettlandi. Hún spilar jöfnum höndum klassíska sem og samtímatónlist. Hún kennir nú píanóleik við tónlistarskólana í Hafnarfirði og Garðabæ.

Tónleikar

í

Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Valgerður Andrésdóttir
píanóleikari

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 19. ágúst 1997 kl. 20:30

Hvorki Mozart né Schubert náðu háum aldri, en eftir þá liggja samt margar stórkostlegustu tónbókmenntir sögunnar. Báðir störfuðu í Vín, sem þá var höfuðborg tónlistarlífsins.

Wolfgang Amadeus Mozart samdi B dúr sönötuna árið 1789, tveimur árum áður en hann dó. Hún er einnig til fyrir fiðlu og píanó. Fyrsti kaflinn er hraður í 3/4. Aðalstefið er einfalt, brotinn hljómur sem hnígur og rís síðan upp og opnar fyrir áframhaldið. Annar kaflinn er hægur í rondóformi, þ.e. aðalstefið kemur aftur og aftur eftir nýja millikafla. Lokakaflinn hefur létt yfirbragð og þar bregður fyrir stefjum með endurteknum nótum er minna á forleikinn að Töfraflautunni sem var saminn árið sem tónskáldið lést.

Frans Schubert samdi þrjár síðustu píanósönötur sínar í september 1828, tveimur mánuðum fyrir andlát sitt. Sónatan í B dúr, sú síðasta í röðinni, er mjög innileg með ljóðrænum stefjum en hefur dökka undirtóna eins og tónskáldið hafi vitað að hverju stefndi. Aðalstefinu í fyrsta kaflanum er svarað með langri trillu djúpt í bassanum. Þessi trilla setur svolítið sérstakan svip á kaflann. Annar kaflinn er mjög kyrr og innhverfur. Í millikaflanum er meiri hreyfing en síðan kemur byrjunin aftur með aðeins breyttum bassa. Þriðji kaflinn er scherzó, mjög heiðríkur þar sem laglínan kemur ýmist ofarlega á tónsviðinu eða í bassanum. Trío-kaflinn, frekar taktfastur, kemur síðan áður en scherzóið er endurtekið. Fjórdi kaflinn hefst á g-áttund sem hljómar í smátíma áður en stefið kemur. Þessi áttund kemur reglulega en í lokin lækkar hún tvisvar um hálf tón. Kaflinn endar svo á kröftugum prestókafla.

Efnisskrá

W. A. Mozart
(1756 - 1791)

Sónata í B dúr KV57
Allegro
Adagio
Allegretto

F. Schubert
(1797 - 1828)

Sónata í B dúr D 960
Molto moderato
Andante sostenuto
Scherzo-Allegro vivace con delicatezza
Allegro ma non troppo